

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 30. maí kl. 10:45 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1211. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Edda Þórsdóttir, Kristín B I. Sverrisdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

- Akurgerði 7 - USK23050071** Sótt er um leyfi til að breyta erindi. Máli: BN058593, vegna lokaúttektar sem felast í því að hætt hefur verið við stækkun húss á 2 hæð sem snýr að lokun svala og nýjar svalir, einnig breytingum á burðarvirki 1 hæðar í einbýlishúsi.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Barónsstígur 34 - USK23050245** Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra deilda leikskóla fyrir 70 börn á lóð nr. 34 við Barónsstíg.
Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 21. nóvember 2022.
Jafnframt er erindi BN061818 dregið til baka.
Stærð: 630 ferm., 1.903,8 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Er í skipulagsferli. Vísað til athugasemda.
- Bergstaðastræti 18, BN061841** Sótt er um leyfi til að koma fyrir flutningshúsi á steiptum kjallara, húsið verður lengt og hækkað, viðbygging á bakhlið stækkuð og byggð ný á austurgafli og til að innrétta fjórar íbúðir á lóð nr. 18 við Bergstaðastræti. Lagðar eru fram umsagnir Borgarsögusafns dags. 19. mars 2019, Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019 og umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2021 og 19. janúar 2023. Stærð, A-rými: 340,3 ferm., 915,5 rúmm. B-rými: 6,1 ferm. Samtals: 358,9 ferm.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Búðavað 14 - USK23040235** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar þannig að innréttað verður eldhús á fyrstu hæð Í stað þriggja svefnherbergja í parhúsi á lóð nr. 14 við Búðavað.
Gjald kr.14,000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Dyrhamrar 9 - USK23050173** Sótt er um leyfi til þess að bæta aðgengi og flóttaleiðir hreyfihamlaða einstaklinga með því að gera skábraut með snjóbræðslu að aðalinngangi jarðhæðar við Hamraskóla á lóð nr. 9 við Dyrhamra.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 12. maí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
6. **Efstaleiti 27C - USK23040209** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061826 vegna lokaúttektar þannig að byggt er utanum súrefniskúta í tæknirými læknastofu í húsi á lóð nr. 27c við Efstaleiti.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Flókgata 24 - USK23030234** Sótt er um leyfi til að setja niður djúpgámasett með sex gámum, þar af fimm 5,0 rúmm. og einn 3,0 rúmm. fyrir endurvinnslu á pappa, málm og plasti, staðsett norðan við Kjarvalsstaði á lóð nr. 24 við Flókgötu. Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.
8. **Framnesvegur 48 - USK23040211** Sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu á lóð nr. 48 við Framnesveg.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
9. **Framnesvegur 48 - niðurrif - USK23040210** Sótt er um að rífa bílageymslu á lóð nr. 48 við Framnesveg.
Gjald kr.14000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. **Grandavegur 42A - USK23030328** Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu farnetsloftneta á stálsúlu á þaki mannvirkis að Grandavegi 42. Gjald kr.14,000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. **Hverfisgata 46 - USK23050207** Sótt er um leyfi til þess að sameina í eina eign, breyta notkun og innréttu gistiheimili í flokki IV tegund farfuglaheimili fyrir alls 190 gesti í lokrekkjueiningum, ásamt veitingarstað í flokki II tegund c, einnig verður útliti breytt lítilllega og klætt málmklæðningu húsið við Hverfisgötu 46, mhl.05, á lóð nr. 29 við Laugaveg.
Erindi fylgir greinargerð Öruggr verkfræðistofu, 3028-006-GRG-001-V01, um brunavarnir dags. 15. maí 2023 og tækniblöð um HUB - lokrekkjueingingar.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. **Hverfisgata 96 - USK23040208** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi sem felast í salernishurðum sem opnast út, ofn á borði fyrir bakvinnslu, háf fyrir ofan ofn, viðvörunarstöð, fatahengi, ræsirými og gufuháf á veitingastað á lóð nr. 96 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 14000.
Frestað. Ófullnægjandi gögn.

13. **Háaleitisbraut 175 - stöðuleyfi - USK23050292** Spurt er hvort veitt verði tímabundið stöðuleyfi fyrir gám með hábrýstíkúti ásamt tengingum við núverandi hús, við austurhlið E-álmú spítalans í Fossvogi. Um er að ræða tímabundna lausn á staðsetningu á mjög sérhæfðum tækjabúnaði sem skylt er að hafa til taks í landinu m.a. vegna djúpsjárslýsa og ýmissa lækisfræðilegra meðferða. Núverandi kútur er úr sér genginn og við endurnýjun hans var horft til þess að kaupa kút sem hentar til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Að lokinni byggingu nýs Landspítala við Hringbraut verður kúturinn fluttur þangað á varanlegan stað. Utan um kútin er sérsmíðaður gámur sem hann er fluttur í. Óskað er eftir að hann fái að standa á forsteyptum sökkuleiningum utan við húsvegg E-álmú spítalans þar til kúturinn verður fluttur í varanlegt húsnæði í nýjum spítala við Hringbraut. Gámurinn verður síðan tengdur núverandi húsnæði með léttum tengingum úr timbri. Ytri klæðningar tengibygginga verða úr málmklæðningum, þakpappi á þaki og innveggir klæddir gipsi. Heildarstærð gámsins og tengibyggingar er 51,1 m² og 131,1 m³.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
14. **Hátún 12 - USK23030001** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta íbúðir til langtímaleigu fyrir skjólskæðinga í endurhæfingu á 4. og 5. hæð í húsi Sjálfsbjargar, Hátúni 12, mhl.03 á lóð 10-14 við Hátún. Erindi fylgir samþykki Sjálfsbjargar dags. 24. febrúar 2023, samþykki Mæðrastyksnefndar dags. 22. febrúar 2023, greinargerðir verkfræðistofunnar Örug 3368-001-GRG-001-V01 dags. 17. febrúar 2023 og hæðablað dags. mars 2007. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Lagfæra skráningu.
15. **Hæðargarður 14 - USK23040026** Sótt er um leyfi til þess að byggja geymslur, mhl.02 við lóðarmörk til vesturs, hækka þak, byggja tvo kvisti, svalir og viðbyggingu með þaksvölum til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi mhl.01, á lóð nr. 14 við Hæðargarð. Stækkun mhl.01 4.2 ferm., 167.5 rúmm.. Stærðir mhl.02: 22.0 ferm., 70.4 rúmm. Nýtingarhlutfall: 0.54 Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húsa nr. 14 og 16 dags. 26. mars 2023 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14. júlí 1949. Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. **Hæðargarður 16 - USK23040027** Sótt er um leyfi til þess að byggja geymslur, mhl.02 við lóðarmörk til vesturs, hækka þak, byggja tvo kvisti, svalir og viðbyggingu með þaksvölum til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi mhl.01, á lóð nr. 16 við Hæðargarð. Stækkun mhl.01 3.8 ferm., 167.7 rúmm.. Stærðir mhl.02: 22.0 ferm., 70.4 rúmm. Nýtingarhlutfall: 0.54 Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húsa nr. 14 og 16 dags. 26. mars 2023 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14. júlí 1949. Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. **Katrínartún 6 - USK23050209** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0BN059165 vegna lokaúttektar þannig að bætt er við lýsingu á flóttaleið úr matsal í skrifstofuhúsi Katrínartúni 6 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
18. **Kringlumýrarbraut 100 - USK23040135** Sótt er um leyfi til að setja niður 3,6 m³ tank fyrir AD-Blue í eyju við jarðefnaafgreiðslu við N1 á lóð nr. 100 við Kringlumýrarbraut.
Gjald kr. 14.000.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
19. **Logafold 17 - USK23030275** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið inn í áður óuppfyllt rými og því breytt í geymslu á neðri hæð í einbýlishúsi á lóð nr. 17 við Logafold. Stækkun: 24.1 ferm., 62.7 rúmm.
Erindi fylgir hæðablað útg. B1 dags. 5. desember 1983.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. **Lyngháls 2 - USK23040182** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054011, með síðari breytingarerindum BN060588 og BN061341, þannig að fallið er frá uppbyggingu óeinangraðrar skemmu í suðaustu horni lóðar, innra skipulagi er breytt lítillaga og hurðir færðar til á 1. hæð vörugeymslu á lóð nr. 2 við Lyngháls.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 20. september 2022 og 30. mars 2021.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. **Skólavörðustígur 15 - USK23040066** Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi þannig að íbúð 0201 verði hluti af atvinnurými 0101, opnað verður á milli hæða og efri hæð innréttuð sem tónlistarsalur og snyrtingar fyrir veitingastað í flokki II, tegund ?, í húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg.
Erindinu fylgir greinagerð brunahönnuðar Örugg verkfræðistofa, GRG-001-v01 dags. 31.mars 2023.
Gjald kr. 14000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. **Snorrabraut 58 - USK23050174** Sótt er um leyfi til þess að breyta þremur gluggum þannig að bætt er við opnanlegum gluggafögum, einnig verður lóðrétt klæðning timburrimla utan á stigahúsi framlengd upp undir þak á austurhlið 3. og 4. hæðar á vistheimilinu Droplaugarstöðum á lóð nr. 58. við Snorrabraut.
Gjald kr. 14.000.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
23. **Sæmundargata 4 - Háskólatorg - USK23040139** Sótt er um leyfi til þess leggja fram reyndarteikningar vegna gerðar eignaskiptasamnings og til þess að breyta innra skipulagi þannig að bætt verður við skrifstofu, eldhús og lager eru stækkuð, ræsting og goslager eru flutt á 1, hæð Háskólatorgs við Sæmundargötu 4, mhl.13, á lóð nr. Sæmundargötu 4.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 29. júní 2013.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

24. **Sólheimar 19 - USK23040137** Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir skábraut að aðalinngangi í tengibyggingu mhl.05, breyta útliti og innra skipulagi færanlegra leikskólastofa, mhl.03, mhl.04 við Sólheima 19-21 á lóð nr. 19 við Sólheima.
Erindi fylgir mæliblað 1.433.2 dags. 20. febrúar 2012 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 7. júní 2011.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. **Súðarvogur 11 - USK23030206** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058644 þannig að innra skipulagi er breytt og komið fyrir arni með reykröri uppúr þaki í íbúð 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 11 við Súðarvog.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
26. **Tjarnargata 30 - USK23030352** Sótt er um leyfi til þess að gera nýjan bakinngang með aðgengi að bílgeymslu á suðurhlíð milli íbúðarhúss og bílgeymslu á lóð nr. 30 við Tjarnargötu. Jafnframt er erindi BN059047 sem samþykkt var 8. júní 2021, dregið tilbaka.
Stækkun: 4.5 ferm., 11.5 rúmm.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 19. apríl 2023, bréf frá hönnuði dags. 28. mars 2023 ásamt afriti að aðaluppdráttum samþykktum 8. júní 2021 og 12. maí 2015.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. **Tunguvegur 24 - USK23020007** Sótt er um að byggja 65 m² viðbyggingu og hækka þak á núverandi húsi. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 17. maí 2023. Erindi var grenndarkynnt frá 20. mars 2023 til og með 24. apríl 2023. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram ábending Veitna, dags. 4. apríl 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. **Þorragata 1 - Viðbygging - BN061638** Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar, steinsteypta viðbyggingu með hefðbundnu timburþaki við leikskóla á lóð nr. 1 við Þorragötu. Bréf frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 23. febrúar fylgir erindi. Stækkun: 185,4 ferm., 647,0 rúmm. Niðurrif: 43,3 ferm., 103,7 rúmm. Í erindi USK23030050. Stærð eftir breytingu: 754,0 ferm., 2.576,7 rúmm. Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Ýmis mál

29. **Grenimelur 25 - USK23050165** Í íbúð 0001, er ósamþykkt íbúð, en þarna hefur verið íbúð síðan húsið var byggt. Nú eru eigendur að fara í ferli að fá þessa íbúð samþykktu.
1. Þarf að uppfylla reglur í dag þó svo að þetta hefur verið íbúð síðan 1945?
 2. Ef það þarf að uppfylla reglur sem eru í gildi í dag, þá þarf ein hlið að vera niðurgrafin undir plötu. Nú er spurt hvort þetta myndi ganga svona sjá teikningu í viðhengi, þar sem aðkoma að garði er um op við bílskúr og ekki er hægt að lækka alla leið að bílskúr. Leitað er álits ykkar um þetta áður en þetta er borið undir með eigenda hússins.
- Grenimelur 25 er partur af parhúsi og í jallara Grenimels 23 hefur verið samþykkt íbúð frá því 2001.
Afgreitt. Með vísan í Leiðbeiningar á athugasemdablaði.

30. **Ólafsgesli 105 - fsp - USK23050186** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að reisa smáhýsi og 1.6 m háan stoðvegg, að hluta til steiptan og að hluta timbur, meðfram lóðarmörkum að borgarlandi og lóðar nr. 105 við Ólafsgesla.
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

Fundi slitið kl. 12:20

Nikulás Úlfar Másson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Kristín B I. Sverrisdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir